

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 170/2015

2016/EES/69/41

frá 11. júní 2015

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/727/ESB frá 6. desember 2013 um að ákvarða snið til að tilkynna upplýsingar varðandi samþykki og umtalsverðar breytingar á áætlunum um meðhöndlun úrgangs og áætlunum um forvarnir gegn myndun úrgangs⁽¹⁾.
- 2) XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 32ffð (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/753/ESB) í XX. viðauka við EES-samninginn:

„32ffe. **32013 D 0727**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/727/ESB frá 6. desember 2013 um að ákvarða snið til að tilkynna upplýsingar varðandi samþykki og umtalsverðar breytingar á áætlunum um meðhöndlun úrgangs og áætlunum um forvarnir gegn myndun úrgangs (Stjtíð. ESB L 329, 10.12.2013, bls. 44).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarákvörðunar 2013/727/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 12. júní 2015, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 11. júní 2015.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

formaður.

(¹) Stjtíð. ESB L 329, 10.12.2013, bls. 44.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.